

# Fjárfestingastefna Heimavalla hf.

## 1. Markmið

Markmið fjárfestingarstefnu Heimavalla er að byggja upp hagkvæmt og eftirsóknarvert leigusafn sem skilar félaginu og hluthöfum þess ásættanlegri rekstrarniðurstöðu.

## 2. Fjárfestingar

Það er stefna félagsins að auka hlutdeild eignasafnsins á höfuðborgarsvæðinu en það mun þó jafnframt leggja áherslu á hagkvæma þróun safnsins á öðrum svæðum. Megináhersla er lögð á hagkvæmar íbúðir sem eru í fjölbýlishúsum sem eru að meirihluta í eigu félagsins.

Félagið kaupir tilbúnar íbúðir, hvort sem er nýjar eða notaðar, sem eru á byggingarstigi 7 og hafa hlotið öryggisúttekt byggingarfulltrúa á viðkomandi svæði. Í tilfelli nýbygginga er það stefna félagsins að festa verð íbúða sem eru afhentar fullbúnar og tilbúnar til útleigu.

Félagið hefur heimild, ef því er úthlutað byggingarlóðum, að gera samkomulag við byggingarverktaka um byggingu fasteigna sem er skilað fullbúnum og tilbúnum til útleigu.

Heimavellir munu viðhalda gæðum og arðsemi eignasafnsins með því að vera virkur aðili á markaði með kaupum og sölu á fasteignafélögum, fasteignum og fasteignasöfnum sem og uppfærslu á þeim sem fyrir eru í eigu félagsins.

Við kaup og sölu einstakra eigna og eignasafna eru vegin og samþætt tækifæri sem felast í áhættu og arðsemi. Horft er til tekjumöguleika, fjárstreymi frá eignum, fjárhagslegrar áhættu sem og gæðum þeirra.

Að jafnaði er gerð krafa um arðsemi einstakra fjárfestinga sem speglar stefnu Heimavalla um fjárhagsleg markmið og arðsemi. Kaup á fasteignum eru háð samþykki stjórnar félagsins.




### 3. Ábyrgð

Stefna þessi tekur þegar gildi og ber forstjóri ábyrgð á framfylgd hennar.

20. mars 2018, Reykjavík

F.h. stjórnar



Magnús Magnússon, stjórnarformaður




Anna Þórðardóttir, meðstjórnandi



Ari Edwald, meðstjórnandi



Hildur Árnadóttir, meðstjórnandi



Halldór Kristjánsson, meðstjórnandi